



110. stjórnarfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn í Bændahöllinni 4. nóvember 2016, kl. 10,30.

Mættir voru: Jóhann Gísli Jóhannsson, Hraundís Guðmundsdóttir, María E Ingvadóttir, Sighvatur Jón Þórarinnsson, Agnes Þórunn Guðbergsdóttir og Hrönn Guðmundsóttir.

Dagskrá.

1. Stjórn skipti með sér verkum. Formaður lagði til að stjórnskipan yrði óbreytt frá síðasta starfsári, þ.e. Hraundís Guðmundsdóttir varaformaður, María Elínborg Ingvadóttir gjaldkeri, Sighvatur Jón Þórarinnsson ritari og Agnes Þórunn Guðbergsdóttir meðstjórnandi. Samþykkt.
2. Fundargerð aðalfundar lögð fram til samþykktar. Framkvæmdastjóra falið að senda fundargerðina á stjórnir aðildarfélaganna, skógarbændur og inn á heimasíðuna www.skogarbondi.is.
3. Tillögur aðalfundar, afgreiðsla

Tillögur 1, 3, 8 og 9 sendar á viðeigandi aðila. Tillögum sem beint var til LSE eru komnar í ferli. Samþykkt að vinna áfram, í samvinnu við Skógræktina, tillögu 3, en hún varðar heimild til að taka jólatré út úr sammingsbundnum svæðum, án þess að það hafi áhrif á framlög til umhirðu skógarins og koma henni svo áfram í viðeigandi ferli og reglugerðarbreytingu.

Samkvæmt reglugerð fyrir landshlutaverkefni í skógrækt kemur fram að heimilt er að taka út söluhaf jólatré úr þeim reitum sem þörf er á millibilsjöfnun, en skógarbóndi fær þá ekki framlag vegna millibilsjöfnunar. Töluvert var rætt um viðauka 5 við reglugerðina og mikilvægi þess að umhirðuþátturinn verði skýrari í endurbættum lögum um skógrækt.

Samþykkt var á aðalfundi að beina því til LSE að skipa vinnuhóp um hlutverk LSE í nýju umhverfi. Stjórn LSE telur æskilegt að þar sé einn fulltrúi frá hverju aðildarfélagi. Ef nýtt hlutverk LSE kallar á lagabreytingar þurfa lagabreytingarnar að berast 30 dögum fyrir aðalfund LSE svo hægt verði að senda þær út með fundarboði. Framkvæmdastjóra var falið að hafa samband við formenn aðildarfélaganna og óska eftir tilnefningu í vinnuhópinn.

Tillaga 11. Þar er stjórn LSE falið að semja um áherslu á umhirðu skóga, tillögunni var vísað í starfshóp sem vinna mun hugmyndir um hlutverk LSE í nýju umhverfi. Samþykkt var að vísa tillögunni í starfshópinn sem mótar hugmyndir um hvaða umhirðuþætti skógarbændur telja mikilvægt að séu styrktir og senda þá á stjórn. Tillagan verði skoðuð með viðauka 5 í reglugerð um LHV til hliðsjónar.

LSE tilnefnið þriggja manna nefnd til að vinna reglur um verðmat skóga og leggja fyrir næsta aðalfund. Stjórninni falið að koma með tillögu um tvo einstaklinga og að Skógræktin tilnefni einn fulltrúa. Stjórn LSE tilnefnið Sighvat Jón Þórarinnsson og Hrefnu Jóhannesdóttir í starfshópinn og óskar eftir tilnefningu frá Skógræktinni. Framkvæmdastjóra var falið að leita eftir tilnefningu frá Skógræktinni í starfshópinn og leita samþykkis Hrefnu.

Tillaga frá kolefnisnefnd varðandi viðurkenningu á eignarhaldi á kolefnisbindingu og að láta reyna á það með lögsókn fyrir dómstólum hvort binding í gróðri sem bókfærð er á reikning ríkisins fái staðfest gagnvart eignaréttarákvæðum í stjórnarskrá Íslands. Samþykkt var að kalla saman kolefnisnefnd LSE og funda um málið og upplýsa stjórn á næsta stjórnarfund LSE. Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar með kolefnisnefnd.

Tillaga númer 5 um breytt fyrirkomulag aðalfundar LSE. Stjórn vísaði tillögunni til starfshóps um breytt hlutverk LSE.

4. Síðan síðast staða verkefna.

- a. Fjárhagsstaða LSE er frekar þröng en til að loka árinu var farið fram á það við aðildarfélögin að klára að greiða félagsgjöld fyrir árið 2016 til LSE fyrir áramót. Framkvæmdastjóri hefur sent beiðni um að félögin greiði fyrir mánaðarmót nóvember – desember til að ná að loka árinu. Tvö aðildarfélög eru nú þegar búin að greiða. Önnur klára fljótlega.

Greinagerð vegna annars hluta styrksins frá Framleiðnisjóði verður send inn eftir helgi og greiðslan berst eftir næsta fund hjá FL.

- b. Samstarf við Skógræktina varðandi úrvinnslu og markaðsmál. Staðan kynnt fyrir stjórn. Hugmynd er að skipa teymi, þrjá frá hvorum aðila. Mikilvægt er að teymið hafa skýr verkefni, tímaramma og verkaskiptingu á milli aðila.
- c. Í lok mánaðarins verður farið í að uppfæra heimasíðu LSE. Mikilvægt er að uppfærslan heppnist vel og vandað verður til verka. Að síðan verði virk og einföld. Verið er að setja vinnu í gang varðandi heimasíðuna. Semja við skógarbændur um að senda inn efni svo síðan verði lifandi og skemmtileg.
- d. Samkomulag um styrk til þróunarverkefnis vegna öflunar efnis í viðarkyndistöðina á Hallormsstað. Kynning á samkomulagi á milli UAR, Skógræktarinnar og Skógarorku um styrk vegna þróunar á sjálfbærri viðarkyndistöð til húshitunar. Ganga þarf frá samningi á milli Skógræktarinnar og LSE en LSE leiðir verkefnið. Framkvæmdastjóra og formanni er falið að fara á fund með Skógræktinni og stjórn FSA um framgang verkefnisins og ganga frá samningi við Skógræktina um verkefnið.

5. Samkomulag milli ANR, BÍ og LSE um verkefni samkvæmt 12.gr. rammisamnings um almenn skilyrði landbúnaðarins (búnaðarlagasamning) lagt fram til kynningar.

Stjórn LSE samþykkir samkomulagið en skrifað verður undir mánudaginn 7. nóvember.

6. Stjórnarlaun og dagpeningar. Stjórn LSE er að skoða með hvaða hætti samtökin greiði stjórnarmönnum eða nefndarmönnum sem eru að starfa fyrir samtökin fyrir utan stjórnarfund. Þekkt er að félög greiði dagpeninga en viðkomandi hefur nótur á móti

eða greiðir af þessu skatt. Fylla þarf út ákveðið eyðublað sem fylgir skattskýrslu. Einnig er hugmynd um að greiða ákveðið fyrir fundi eða önnur störf fyrir samtökin. Framkvæmdastjóra falið að skoða þessi mál betur fyrir næsta stjórnarfund.

7. Önnur mál.

a. Bréf sem hafa borist.

- i. Bréf frá BÍ varðandi búnaðargjald lagt fram til kynningar. Í bréfinu koma fram hugmyndir um þær breytingar sem fylgja því að búnaðargjald verði lagt af um áramótin og í staðinn er hugmyndin að félagsmenn greiði félagsgjald. Formaður og framkvæmdastjóri LSE hafa verið boðuð á formannafund þar sem málin verða rædd. Upplýsa þarf skógarbændur um væntanlegar breytingar.
- ii. Agnes þakkar fyrir góðan aðalfund. Hún nefndi að gott væri að samið verði fyrirfram við aðila sem taka að sér formennsku í nefndum svo þeir geti verið búnir að undirbúa sig fyrir fundinn. Hún kom einnig með ábendingu um að aðildarfélagið sem heldur utan um fundinn sé betur upplýst um hvað félagið á að gera og hvað LSE á að gera. Þetta eru fínar ábendingar og verður þetta skoðað betur fyrir næsta fund. Einnig ræddum við að, ef um hópastarf verður að ræða á næsta aðalfundi, þá verði umræðupunktur, sem unnið verður útfrá, sendir á fundargesti fyrir fund svo hópavinna gangi betur fyrir sig.
- iii. Átaksverkefni á sölu íslenskra jólatrjáa. Lagt til að leggja í verkefni fjármagn til að búa til kynningarefni og auglýsingu. Samþykkt að kanna kostnaðinn og finna leiðir til að kynna trén á sem ódýrasta máta.

8. Hlutverk LSE í nýju umhverfi, niðurstöður hópastarfs rætt.

Jóhann Gísli bauð formenn aðildarfélaganna, Bergþóru Jónsdóttur formann FsV og Sigurlínu Jóhannesdóttir, formann FsN, velkomnar á fundinn, auk Maríönnu Jóhannsdóttur, formann FsA, sem var í síma.

Byrjað var á að fara einn hring í umræðu varðandi niðurstöður umræðu varðandi hlutverk LSE í nýju umhverfi. Félag skógarbænda á Austurlandi er að vinna áfram með afurðarskýrsluna sem unnin var fyrir austan. FsA hvetur til aukinnar fræðslu á öllum sviðum skógræktar, ekki síst um grisjun, umhirðu skógarins og úrvinnslu. Einnig ræddi hún um að mikilvægt væri að unnar verði umhirðuáætlanir fyrir skógarbændur. Félagið fyrir austan telur mikilvægt að setja upp þurrkklefa fyrir timbur í nágrenni Egilsstaða þar sem orkan er ódýrari. FsA hefur áhyggjur af jörðum eru ekkert nýttar og vill hvetja til þess að jarðir séu nýttar á skynsamlegan hátt.

Formenn lögðu áherslu á að endurskoða þörf á Grænni skóga námskeiðum. Einnig var rætt um að bjóða upp á stök námskeið á ýmsum sviðum skógræktar. Einnig töldu formenn tímabært að boðið verði upp á grunnnámskeið, því alltaf eru nýir skógarbændur að bætast í hópinn.

Formönnum fannst margt vera í lausu lofti og að margar spurningar hafi vaknað um það, hvert sé hlutverk hvers og eins, LSE, Skógræktarinnar og aðildarfélaganna.

Formaður hvatti til að félögin gerðu könnun sem fyrst meðal sinna félagsmanna varðandi það hvaða námskeið ættu að vera í boði fyrir skógarbændur. Það vantar enn að skilgreina samstarf Skógræktarinnar og skógarbænda. Það þarf að hnykkja á því og koma því á hreint því að margt er að fara í gang hjá skógarbændum.

Hlutverk LSE á að vera að gæta hagsmuna félagsmanna. Samtökin þurfa að sjá fyrir sér hvað hægt er að gera og hverju samtökin geta breytt. Samtökin þurfa að vera traust regnhlífarsamtök og standa vörð um hagsmuni skógareigenda.

Samþykkt var á aðalfundi LSE að skipa starfshóp og stjórn LSE taldi best að hvert aðildarfélag tilnefndi einn fulltrúa í starfshópinn. Framkvæmdastjóra var falið að senda á formenn aðildarfélaganna tillögur nr. 5 og 8 auk punkta sem komu úr umræðuhópum á aðalfundi. Framkvæmdastjóri verður starfsmaður hópsins og er falið að kalla hópinn saman.

Framkvæmdastjóri falið að senda formlegt bréf varðandi skipan í starfshópa, tillögur, umræðupunkta, og könnun og boða til fyrsta fundar. Niðurstaða starfshópsins þarf að liggja fyrir um miðjan janúar 2017, en stefnt er að því að næsti stjórnarfundur verði haldinn 13. janúar og formenn aðildarféлага verði boðaðir á þann fund.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 16,30.